

## Deltadeild 30 ára – Formáli

### Hugleiðingar um verkefnið.

#### Hugleiðingar um annálana

Á vorkundi Deltadeildar, 31. mars -1. apríl 2017 í Ensku húsunum við Langá, var rætt um afmælishald deildarinnar í tilefni af 30 ára afmæli hennar haustið 2017. Þar kom fram uppástunga um að tímabært væri að rita annál um starfsemi deildarinnar frá upphafi starfs og fram að afmæli og fól formaður, Guðlaug Sverrisdóttir, Jónínu Eiríksdóttur og Sigrúnu Jóhannesdóttur að byrja að huga að því verkefni. Einnig var ákveðið á næsta fundi Delta um haustið að víkka út hópin í söguhóp sem starfaði að því að safna ýmsum upplýsingum og setja fram sem línurit, lista, sögur, upprifjanir og myndir ásamt annálnum. Í hópin bættust: Elísabet Jóhannesdóttir, Halldóra Jónsdóttir og Soffía Sigurjónsdóttir. Hópurinn hittist svo síðar á fundi til að skilgreina verkið og skipta með sér verkum. Það verður að segjast eins og er að þessi skráning á sögu Deltadeildar var ekki einfalt verk.

**Annálaritarar** settu niður ákveðið form með stikkorðum til að vinna annálinn eftir til að hafa samkvæmni og samræmi í annálnum eins og hægt væri - en fundargerðir voru ekki alltaf mjög formlegar og því í sumum tilfellum erfitt að fylgja forminu. Það var t.d. ekki alltaf hefð að hafa liðinn “orð til umhugsunar” á fundum. Þó eru í þeim lýsingar á ýmsu efni sem fjallað er um sem gæti flokkast undir það að vera orð til umhugsunar og þá var það sett í annálinn. Stundum voru almennar umræður um málefni og þá má segja að allar hafi sagt sitt orð til umhugsunar. Einnig er ekki alltaf skráðar þær upplýsingar sem við leituðum eftir í fundargerðunum. Þetta á t.d. við um þátttöku Deltakvenna í starfi landssambandsins eða alþjóðasamtakanna. Þar eru nokkrar eyður og spurningamerki sem kannski væri hægt að fylla aðeins betur í með sameiginlegu minni deildarkvenna. Trúlega vantar líka einstaka fundargerðir inn í bækurnar. Þetta þarf að hafa í huga við lestur annálsins.

#### **Það sem situr eftir þegar farið hefur verið í gegnum allar fundargerðir og ýmis önnur gögn deildarinnar!**

Það var gaman að líta um öxl og skoða bernsku, unglingsár og fullorðinsþroska deildarinnar og sjá hvernig hún hefur dafnað og eflst og náð að festa sig í sessi. Við vorum fjórða deildin sem stofnuð var á Íslandi. Fyrstu þrjár deildirnar voru stofnaðar 1975-1977 og voru því orðnar meira 10 ára þegar Delta var stofnuð. Það var þess vegna komin töluverð reynsla hjá þeim deildum sem við gátum leitað til fyrstu árin. En ýmislegt vorum við líka að fást við sem ekki var komin reynsla á. Sérstaklega á það við um að Delta var fyrsta dreifbýlisdeildin, félagssvæðið náði yfir stórt svæði sem gat orðið illfært á veturnum. Einnig var það töluverð þolraun hvað við vorum fáar í byrjun.

Við vorum svolítið eins og hvítvoðungur að átta sig á nýrri tilveru – vissum ekki alveg hvað við vorum að fara út í! Það má eiginlega segja að okkur hafi verið ýtt út í djúpu laugina – að vísu varlega og með kút því við gátum alltaf leitað til þeirra sem höfðu reynslu af starfinu og fengið þær til liðs við okkur. En fyrstu árin byggðust líka mikið á því að þreifa okkur áfram með hvað hentaði okkur og kynnast hver annarri. Við könnuðumst sumar hver við aðra, nokkrar þekktust vel aðrar ekkert. Það var því góð byrjun að nota tímann fyrstu árin í að kynnast og tengjast.

#### **Hefðir sem mótuðust og hafa verið hluti af starfinu.**

Nokkur verkefni hafa verið fastir liðir í þau 30 ár sem deildin hefur starfað. Til að byrja með var mikið að gera við að fjölga félögum og kynnast en segja má að fjölgun hafi

jafnframt verið fast stef í starfinu fyrstu árin. Virkjun félaga er annað stef. Dagskrárliðir eins og “Orð til umhugsunar”, “Mér er efst í huga”, “Mig langar svo að segja þér!”, þjónuðu þeim tilgangi að hvetja sem flestar deildarkonur til að tjá sig jafnframt því að vera hugvekja, fróðleikur og skemmtun. Sama gildir um bókmenntaumræðu sem oft var á dagskrá í nánd við jólin. Happraættið hefur lengi fylgt okkur sem fastur liður til fjáröflunar og skemmtunar. Heimsóknir og kynningar á vinnustöðum deildarkvenna var enn eitt stefið í dagskránni á fyrsta árunum og er enn. Söngur og tónlist höfðu sinn sess en voru ekki stór hluti af starfinu. Það mótaðist líklega mest af því að við funduðum á fjölbreytilegum fundarstöðum og höfðum ekki alltaf hljóðfæri eða aðstöðu til söngs. En alltaf hafa verið í deildinni flinkar tónlistarkonur sem tekið hafa að sér hljóðfæraleik og söngstýringu þegar því var við komið.

Það sem gerði okkur erfitt fyrir á fyrstu árum starfsins voru erfiðar samgöngur, miklar vegalengdir og miklar breytingar á högum deildarkvenna sem fluttu á þessu tímabili margar í aðra landshluta eða til útlanda. Við vorum farnar að grínast með þetta ástand og töluðum um flökkueðli Deltadeildar! Mikil orka fór því í að bjóða nýjum félögum í deildina, kynnast þeim og hjálpa þeim að aðlagast. En sameiginlegt gildismat félagskvenna, vinátta, trúmennska og hjálpsemi fleytti okkur í gegnum allar hindranir þó stundum blési á móti.

Í skýrslu deildarinnar sem flutt var á landssambandsþingi 1995 kom eftirfarandi fram hjá formanni:

*“Eitthvert flökkueðli virðist landlægt í Deltadeild. Margar félagskonur hafa flutt í aðra landshluta eða til útlanda á undanförunum árum og hafa þær ýmist komið aftur eða flutt alveg á brott, sumar í aðrar deildir en aðrar hætt af persónulegum ástæðum.*

*Nýkjörin stjórn fór ekki varhluta af þessum hremmingum því áður en vetrarstarfið gæti hafist voru tvær úr stjórninni fluttar burt, önnur í ársleyfi til Svíþjóðar og hin vestur á firði! Þær eru þó enn þá félagar og önnur þeirra kemur til starfa næsta haust. Það var því þunnskipað í stjórninni í vetur en það stendur til bóta á næsta starfsári.”*

Eftirfarandi vísu eftir Guðmund Inga Kristjánsson frá Kirkjubóli rifjaði þrúður Kristjánsdóttir, þáverandi formaður, upp í tengslum við umræður um að erfitt væri að halda konum heima í héraði vegna menntunarþrár:

Börn sem læra burtu streyma  
besta lausnin kannski finnst.  
Ef til vill þau haldist heima  
hafi þau lært sem allra minnst!

Svona gátum við gert grín að aðstæðum okkar en hægt og sígandi komst meiri stöðugleiki á deildarstarfið og nú á 30 ára afmælinu eru jafnt og þétt teknar nýjar félagskonur í deildina þannig að við erum á bilinu 20-30.

Alltaf hefur verið gaman í Deltadeild! Við höfum náð að eiga gefandi fundi, hafa fagmennsku og gleði í fyrirrúmi, fræðast, faðmast, syngja og dansa. Þar ríkir sannarlega **vinátta, trúmennska og hjálpsemi.**